

Umbótaáætlun Sæmundarskóla vor 2014

Viðbrögð við heildarmati SFS

Ábyrgðarmaður G. Eygló Friðriksdóttir

skólastjóri

Niðurstöður Heildarmats á skólastarfi sem framkvæmt var af SFS haustið 2013 voru afar ánægjulegar fyrir Sæmundarskóla. Sérstaklega var starfsfólkið stolt af gæðum kennslustundanna og árangrinum sem hefur náðst í að ná niður einelti í skólanum en það mælist margfalt minna en að landsmeðaltali.

Einnig vakti gleði hversu ánægðir foreldrar eru með skólann. Ummæli matsmanna SFS um að skólinn sé með afburða niðurstöður eru einkar hvetjandi fyrir starfsmenn. Litið er svo á að mikilvægt sé að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið genginn og auðvitað að laga það sem betur má fara og kemur fram í skýrslu SFS.

Rýnt er í kaflann „Greining“ þar sem teknar eru saman niðurstöður fyrir skólann til að sjá hvaða atriði þarfnast úrbóta. Flesti veikleikar tengja skýrslugerðum og upplýsingum á heimasíðu, þarna opinberast áherslur stjórnenda sem leggja áherslu á að kennslan/námið sé hjarta skólastarfsins en skýrslugerð látin mæta afgangi og þá sérstaklega eftir hrun.

Atriði sem þarfnast úrbóta

1. Hár forgangur

a) Atriði til umbóta

Skóladagur nemenda á miðstigi uppfyllir ekki viðmið aðalnámskrár um vikulegan kennslutíma.

Aðgerðir til úrbóta

Nemendum verður bættur upp tíminn á næsta skólaári að höfðu samráði við SFS (sjá fylgiskjal).

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjórnendur

b) Atriði til úrbóta

Hugað að líðan nemenda úr frá niðurstöðum úr skólapúlsinum.

Aðgerðir til úrbóta

Hópeflisverkefni í 8. og 9. bekk í samstarfi við þjónustumiðstöð. Bekkjarfundir í 6.-10. bekk, þar sem líðan verður rædd og kallað eftir skýringum og lausnum hjá nemendum. Fylgst vel með næstu mælingum í skólapúlsinum, ef líðan fer ekki upp, þarf að grípa til víðtækari aðgerða. Vinna þarf með viðhorf nemenda gagnvart því að taka þátt í Skólapúlsinum.

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjórnendur og umsjónakennarar í 6.-10. bekk.

c)Atriði til umbóta: Nokkuð vantar uppá umbeðnar upplýsingar á heimasíðu og er hún ekki í fullu í samræmi við grunnskólalög

Aðgerðir til umbóta. Kallað eftir því, hjá SFS, hvað af umbeðnum upplýsingum eru lögbundnar og áhersla lögð á að koma þeim út á heimasíðuna. Verið er að gera nýja heimasíðu um þessar mundir og mun verða tekið mið af ábendingunum við þá vinnu.

Ábyrgð á aðgerðum: Verkefnastjóri og skólastjórnendur

d)Atriði til umbóta

Umræða um ólýðræðislega stjórnunarhætti

Aðgerðir til úrbóta

Umræða á tenglafundi þar sem skýringa er leitað, tenglar virkjaðir í að skýra verklag og koma með umræður inn á stýrifundi þegar óánægja er í starfsmannahópnum. Liðurinn önnur mál fær fastan sess á fundaskipulagi. Athugað með áhuga á að fá vinnustaðasálfræðing.

Ábyrgð á aðgerðum

Skólastjórnendur og tenglar

e)Atriði til umbóta: Koma á reglulegum rýmingaræfingum

Aðgerðir til úrbóta: Rýmingaræfingar hafa verið 1-2 ár ári en ekki fastsettar á stundatöflu, það þarf að tímasetja þær á skóladagatal.

Ábyrgð á aðgerðum: Umsjónamaður húseignar og skólastjórnendur

2.Minni forgangur

f)Atriði til umbóta: Upplýsingagjöf til þeirra sem starfa að sérkennslumálum

Aðgerðir til umbóta: Fundað verður með stuðningsfulltrúum og sérkennurum til að sjá hvar vantar uppá upplýsingagjöfina

Ábyrgð á aðgerðum: Aðstoðarskólastjóri

g) Atriði til umbóta: Ósamræmi í upplýsingagjöf til foreldra á unglíngastigi miðað við föstudagsbréf yngri stiga

Aðgerðir til úrbóta: Tengill á unglíngastigi kalli eftir nánari skýringum hjá foreldrum til að hægt sé að bregðast við þessu á viðeigandi hátt

Ábyrgð á aðgerðum: Tengill á unglíngastigi í samvinnu við unglíngadeildarkennara

h) Atriði til umbóta: Betri félagsaðstaða fyrir unglíngana

Aðgerðir til úrbóta: Ekki er rými fyrir félagsaðstöðu unglínga í nýju skólabyggingunni og langt að fara í félagsmiðstöð, málinu verður komið til yfirvalda skólans hjá SFS.

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjóri og fræðslustjóri

i) Atriði til umbóta: Bæta þarf skipulag varðandi veikindaforföll og afleysingu

Aðgerðir til úrbóta: Leitað verður leiða til að fjölga starfsmönnum sem kalla má í til að taka tilfallandi forföll. Muna að segja frá þegar stuðningsfulltrúar forfallast.

Ábyrgð á aðgerðum: Skrifstofustjóri og skólastjórnendur

j) Atriði til umbóta: Leita þarf leiða til að efla faglegan stuðning við kennara í unglíngadeild

Aðgerðir til umbóta: Skoða í samræmi við kennara unglíngadeildar hvernig stuðningurinn getur farið fram

Ábyrgð á aðgerðum: Tengill í unglíngadeild og skólastjórnendur

k) Atriði til umbóta: Ánægja af stærðfræði mætti vera meiri á unglíngastigi

Aðgerðir til umbóta: Ófyrirséð forföll hafa valdið álagi bæði á kennara og nemendur. Starfsmenn verða vakandi fyrir þessum þætti í mælingum Skólaláups næsta skólavetur.

Ábyrgð á aðgerðum: Stærðfræðikennarar í unglíngadeild og stjórnendur

l) Atriði til umbóta: Breyta fyrirkomulagi á íþróttatímum, langur tími fer í að lesa upp nemendur í stórum hópum

Aðgerðir til umbóta: Þegar nánar var að gáð þá tölu foreldrar að langur tími færi í að lesa upp stóra hópa en í raun höfðu kennarar þegar brugðist við þessu með því að skipta með sér verkum og leggja megináherslu á virkni í tímum. Skólastjóri upplýsir foreldra í skólaráði um þetta við fyrsta tækifæri.

Ábyrgð á aðgerðum: Íþróttakennarar og skólastjórnendur

m) Atriði til umbóta: Þátttaka nemenda í skólaráði og rétt til setu á öllum fundum.

Aðgerðir til umbóta: Nemendur eru ávallt boðaðir á fundi með skólaráði, en foreldrar hafa óskað eftir og fengið óformlega fundi með skólastjóra sem eru ekki skólaráðsfundir. Foreldrum verður gerð betur grein fyrir því að þessir óformlegu fundir eru ekki hluti af starfi skólaráðs.

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjóri

n) Atriði til umbóta: Aðkoma og þátttaka nemenda að félagsstarfi á miðstigi

Aðgerðir til umbóta: Fjárheimildir til félagsstarfs hafa farið í unglingsdeild og skákstarf í skólanum. Félagsmiðstöð hverfisins býður hinsvegar uppá félagsstarf fyrir börn á miðstigi. Nemendur verða hvattir til að sækja Fókus og yfirmönnum á SFS gert grein fyrir þessum óskum nemenda á miðstigs.

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjóri og kennarar á miðstigi

o) Atriði til umbóta: Aðkoma að gerð eða endurskoðun skólareglna

Aðgerðir til umbóta: Í skólanum er unnið eftir PBS hegðunarkerfi og skilgreindar hafa verið hegðunarvæntingar. Auk þess eru almennar reglur um háttvísi og umgengni. Einnig er vel skilgreint hvernig hvatningarkerfi er til að kenna reglur og viðurlögum er beitt ef reglurnar eru brotnar. Samkvæmt niðurstöðum rýnihópa í heildarmati er sátt er um reglurnar og tilurð þeirra. Mikilvægt er hinsvegar að taka umræðu og kenna þær reglulega

Ábyrgð á aðgerðum: Skólastjórnendur

p) Atriði til úrbóta: Nokkuð vantar uppá umbeðnar upplýsingar á heimasíðu og er hún ekki í fullu í samræmi við grunnskólalög

Aðgerðir til úrbóta: Kallað eftir því, hjá SFS, hvað af umbeðnum upplýsingum eru lögbundnar og áhersla lögð á að koma þeim út á heimasíðuna. Verið er að gera nýja heimasíðu um þessar mundir og mun verða tekið mið af ábendingunum við þá vinnu. Unnið eftir því sem tími vinnst til og sett í forgang það sem ber að gera samkvæmt lögum.

Hér koma nokkur atriði sem þarf að koma á heimasíðu skólans: Birta upplýsingar um samstarf við leikskóla á heimasíðu. Birta áherslur skólans í námsmati í almennum hluta skólanámskrár. Setja fram móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Birta áætlanir um áfengis- og vímuvarnir, öryggis og slysavarnir og jafnréttisáætlun. Formlegar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn. Umbótaáætlun og upplýsingar um þróunarverkefni skólans.

Ábyrgð með aðgerðum: Verkefnastjóri og skólastjórnendur

h) Atriði til úrbóta: Setja á stofn matsteymi við skólann.

Aðgerðir til úrbóta: Sífelld sjálfsmat er samfið öllu starfi Sæmundarskóla og er einkenni á starfsháttum. Verkefni matsteymis verður fellt inn í verkefni tenglahóps (stigstjóra)

Ábyrgð með aðgerðum: Skólastjórnendur og stigstjórar